



IOTA

Fundargerð

Fundur haldinn í Háskólasetrinu á Ísafirði 11. mars 2019 kl. 18:30

1. Gestur fundarins var Linda Dröfn Gunnarsdóttir verkefnistjóri um móttöku flóttafólks á Vestfjörðum. Kynnti Linda okkur starf sitt og sagði okkur frá því að á síðasta ári komu hingað á svæðið fimm fjölskyldur frá Sýrlandi og Írak alls 23 einstaklingar. Búa fjölskyldurnar á Ísafirði, Flateyri og í Súðavík. Í máli Lindu kom fram að öll aðstoð við flóttafólkið hafi verið unnin í samstarfi við Rauða krossinn. Mikil fræðsla þarf að fara fram og kynning á alls konar réttindum, útvega túlka, húsnæði, koma á íslenskukennslu, tengja við heilbrigðisþjónustuna, aðstoða við atvinnuleit og margt og margt. Fólkinu hefur vegnað vel og flestir í vinnu og börnin sækja leik-, grunn- og framhaldsskóla. Mjög áhugaverð og fróðleg kynning.
2. Fundur settur, með því að bjóða konur velkomnar og síðan var kveikt á kertum, vináttu, trúmennsku, og hjálpsmi.
3. Markmið samtakanna lesin og var lögð áhersla á að hafa þau að leiðarljósi í starfi deildarinnar
4. Nafnakall. Það var vel mætt sjö konur boðuðu forföll en sendu kveðjur.
5. Orð til umhugsunar
Heiðrún Tryggvadóttir var með Orð til umhugsunar, féllu orð hennar algjörlega að fræðslu og kynningu Lindu á komu flóttafólksins. Í máli Heiðrúnar koma fram að þeim nemendum sem eru flóttamenn og koma í menntaskólann á vegum sveitafélaganna fylgi fjármagn og túlkur en komi flóttanemandi á annan hátt fylgir ekkert fjármagn né aðstoð. Vildi Heiðrún leggja áherslu á hversu ólíkt væri tekið á móti flóttafólki. Þetta er stórt samfélagsmál og það á að taka vel á móti þessu fólki og gera það vel.
6. Fundargerð. Farið var yfir helstu atriði síðasta fundar.
7. Matarhlé. Yfir matnum var ýmislegt spjallað eins og alltaf. Fréttir voru fluttar frá forseta landssambandsins, konur hvattar til að skrá sig á landssambandsþingið í vor og alþjóða ráðstefnuna í sumar. Auglýst var eftir vefstjóra.
8. Næsti fundur verður í Tónlistaskóla Ísafjarðar, Iwona með „Orð til umhugsunar“, Olga kynnir mastersritgerðina sína, Andra og Hlíf sjá um matarmál.
9. Slökkt á kertunum og fundi slitið 20:30